



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

**VERTU TIL! – LIFUM AF Í UMFERÐINNI
FRAMHALDSSKÓLAR HLJÓTA VIÐURKENNINGAR Á
BESSASTÖÐUM**

Í dag, 18. mars, kl. 14:00 mun forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson afhenda framhaldsskólanemendum og framhaldsskólum viðurkenningar fyrir sigur í keppninni „Vertu til! – Lifum af í umferðinni” sem Umferðarstofa efndi til.

Ungir ökumenn á aldrinum 17 til 24 ára eru líklegastir til að lenda í alverlegum umferðarslysum. Árið 2011 létust samtals tólf manns í umferðinni og þar af voru fjögur ungmenni.

Síðastliðið haust setti Umferðarstofa af stað verkefnið „Vertu til!” sem er hugmyndasamkeppni nemenda í framhaldsskólum um fræðslu- og áróðursefni fyrir jafnaldra þeirra. Nemendur allra framhaldsskóla landsins gátu tekið þátt í verkefninu.

Í tólf vikur kepptu allir framhaldsskólar landsins um það hvaða nemendur og hvaða skóli byggju til besta, vinsælasta og árangursríkasta efnið sem svo var birt Facebook síðu.

Í dag kl. 14:00 verður á Bessastöðum veittar viðurkenningar, 1., 2. og 3. verðlaun, fyrir bestu ljósmyndina og besta slagorðið. Að auki munu þrír framhaldsskólar hljóta viðurkenningar en þeir hlutu flest stig í keppninni.

Frekari upplýsingar um verkefnið sem var í þágu bættrar umferðarmenningar meðal ungmenna og um keppnina sjálfa veita Þóra Magnea Magnúsdóttir verkefnastjóri fræðslumála í síma 820 3376 og Einar Magnús Magnússon upplýsingafulltrúi Umferðarstofu í síma 659 5060.

18. mars 2012